

BORGARRÁÐ 29. júní 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu smáforritsins Bara tala hjá Reykjavíkurborg

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð samþykki að kaupa aðgang fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar að smáforritinu Bara tala sem er stafrænn íslenskukennari sem byggir á gervigreind og íslenskri máltækni að fengnu kostnaðarmati fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Greinargerð:

Með smáforritinu Bara tala geta notendur spreytt sig á samtölum á íslensku en forritið hlustar á notendur tala, æfir þá í framburði og veitir endurgjöf í rauntíma. Boðið er upp á grunnnámskeið og vinnusértækt efni í forritinu þannig að námsefnið er miðað að þörfum starfsfólks. Það þýðir að starfsmaður á leikskóla fær ekki sama námskeið og starfsmaður í sundlaug. Íslenskukunnátta fólks af erlendum uppruna er lykillinn að farsæld, hamingju og framgangi þeirra í okkar þjóðfélagi. Í dag eru innflytjendur á Íslandi 22% af íslenskum vinnumarkaði og því bráðnauðsynlegt að efla íslenskukennslu og stórauka aðgengi fólks að henni Móttaka barna og fullorðinna af erlendum uppruna er eitt stærsta verkefnið sem blasir við íslensku samfélagi. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta athyglisvert forrit og telur að það geti án efa verið nýjum samborgurum hjálplegt og lykillinn að aukinni og innihaldsríkari þátttöku þeirra í samfélaginu.